

GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg.

1. gr.

Innheimta skal gjald fyrir meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg svo sem nánar greinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Gjald fyrir *blandaðan heimilisúrgang*:

<i>Gjaldflokkur nr.</i>	<i>Tegund íláts og hirða</i>	<i>Gjald kr./ílát á ári</i>
A.1	240 l græn tunna, sótt minna en 15 metra frá sorphirðubíl á 20 daga fresti	10.800
A.2	240 l græn tunna, sótt meira en 15 metra frá sorphirðubíl á 20 daga fresti	13.450
A.3	240 l grá tunna, sótt minna en 15 metra frá sorphirðubíl á 10 daga fresti	21.600
A.4	240 l grá tunna, sótt meira en 15 metra frá sorphirðubíl á 10 daga fresti	26.900
A.5	660 l ker, sótt minna en 15 metra frá sorphirðubíl á 10 daga fresti	59.400
A.6	660 l ker, sótt meira en 15 metra frá sorphirðubíl á 10 daga fresti	73.975

Gjald fyrir *flokkaðan heimilisúrgang*, blá tunna:

<i>Gjaldflokkur nr.</i>	<i>Tegund íláts og hirða</i>	<i>Gjald kr./ílát á ári</i>
B.1	240 l blá tunna, sótt minna en 15 metra frá sorphirðubíl á 20 daga fresti	6.700
B.2	240 l blá tunna, sótt meira en 15 metra frá sorphirðubíl á 20 daga fresti	9.350

Sorphirðugjaldi er ætlað að standa undir kostnaði við sorpílát, hirðu og förgun sorps.

Merkir pokar fyrir tilfallandi blandaðan umframúrgang: 750 kr./stk.

Merkir pokar fyrir tilfallandi umframpappírsúrgang: 500 kr./stk.

Gjald fyrir aukalosun blandaðs úrgangs: 3.720 kr./ferð auk 550 kr./ílát sem losað er.

Gjald fyrir aukalosun pappírsúrgangs: 3.720 kr./ferð auk 550 kr./ílát sem losað er.

Gjald vegna reksturs endurvinnslustöðva: 6.950 kr./íbúð. Gjaldi vegna endurvinnslustöðva er ætlað að standa undir kostnaðarhlutdeild Reykjavíkurborgar í rekstri endurvinnslustöðva Sorpu bs.

3. gr.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi. Innheimtudeild Reykjavíkurborgar annast innheimtu gjalda skv. gjaldskrá þessari.

4. gr.

Gjalddagi gjalda skv. 2. gr. er útgáfudagur reiknings og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, séu gjöld ekki greidd á eindaga.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af borgarráði Reykjavíkurborgar með heimild í 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunar-

Nr. 1113

2. desember 2014

varnir, með síðari breytingum og öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu í Reykjavíkurborg, nr. 1270/2013.

Borgarstjórnin í Reykjavík, 2. desember 2014.

Dagur B. Eggertsson.

B-deild – Útgáfud.: 19. desember 2014